

Samstarfssamningur sveitarfélaga í Eyþingi um menningarmál

Eftirfarandi sveitarfélög á svæði Eyþings: Aðaldælahreppur, Akureyrarbær, Arnarneshreppur, Dalvíkurbyggð, Eyjafjarðarsveit, Fjallabyggð, Grímseyjarhreppur, Grýtubakkahreppur, Hörgárbyggð, Langanesbyggð, Norðurþing, Skútustaðahreppur, Svalbarðshreppur, Svalbarðsstrandarhreppur, Tjörneshreppur og Þingeyjarsveit, gera með sér svofelldan

samstarfssamningur

um menningarmál, í tengslum við samstarfssamning ríkis og sveitarfélaga í Eyþingi um menningarmál.

1. grein

Tilgangur samningsins er að efla menningarstarf í Eyþingi með því að beina stuðningi ríkis og sveitarfélaga í Eyþingi við slíkt starf í einn farveg og auka um leið áhrif aðila á svæði Eyþings á uppbyggingu og forgangsröðun verkefna á sviði menningarmála.

2. grein

Sveitarfélögin starfrækja Menningarráð Eyþings. Hlutverk ráðsins er að standa fyrir öflugu þróunarstarfi í menningarmálum, hvetja til samstarfs og faglegra vinnubragða og stuðla að almennri vitund og þekkingu um málaflokkinn. Menningarráð Eyþings úthlutar fjármagni til menningarverkefna á Norðurlandi eystra, samkvæmt samningi ríkis og sveitarfélaga í Eyþingi um menningarmál og hefur eftirlit með framkvæmd þess samnings.

Aðalfundur Eyþings skipar 6 fulltrúa, og jafnmarga til vara, í Menningarráðið til tveggja ára í senn. Ráðið er þannig skipað að þrjú fulltrúar koma úr sveitarfélögum vestan Vaðlaheiðar og þrjú úr sveitarfélögum austan Vaðlaheiðar. Þess skal jafnan gætt að fulltrúar hafi sem fjölbreyttust tengsl við listir og menningu á svæðinu. Auk þess er sjöundi fulltrúinn, og varamaður hans, skipaður skv. tilnefningu Háskólans á Akureyri.

Menningarráðið skal fyrir lok febrúar árið eftir senda menntamálaráðuneytinu skýrslu um framkvæmd samningsins þar sem m.a. kemur fram skipting framlaga samkvæmt samningi milli sveitarfélaga og ríkis um menningarmál, afrit samninga við styrkþega og mat á árangri verkefna sem hlutu styrk.

3. grein

Á grunni samningsins verði:

- Menningarstarf á svæðinu skipulagt og kynnt sameiginlega
- Lögð áhersla á sameiginlega uppbyggingu og miðlun menningarstarfsemi, t.d. leikstarfsemi, kórastarf o.fl.
- Við styrkúthlutun verði tekið tillit til forgangsröðunar verkefna og annarra styrkja sem tengjast verkefni
- Veittir styrkir sem efla samstarf innan svæðisins
- Sem flestum tryggt aðgengi að menningu
- Byggt upp formlegt samstarf menningarfulltrúa sveitarfélaganna og þegar við á sameinast um menningarfulltrúa
- Stuðlað að eflingu menningartengdrar ferðaþjónustu

4. grein

Ríkið greiðir árlega sérstakt framlag til Menningarráðs Eyþings. Það framlag nær til allra beinna framlaga ríkissjóðs til menningarmála á Norðurlandi eystra annarra en þeirra safna sem fá framlög skv. Þjóðminjalögum og lögum um Þjóðskjalasafn. Framlög til Akureyrarbæjar til starfsemi þeirra fjögurra meginstofnanna sem þar starfa, þ.e. Leikfélags Akureyrar, Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands, Listasafnsins á Akureyri og Amtsbókasafnsins eru alfarið greidd af ríkissjóði samkvæmt sérstöku samkomulagi milli Akureyrarbæjar og menntamálaráðuneytisins. Að öðru leyti skal Menningarráð Eyþings veita fjármagni þessu m.a. til eftirfarandi:

- afmarkaðra verkefna á sviði safnastarfsemi
- eflingar samstarfs um menningarmál innan svæðisins og til að styðja við þau verkefni er hafa menningarlegt gildi
- í verkefni er hafi það hlutverk að skilgreina menningarlegt gildi og sérkenni sveitarfélaga og svæða (samkenni)
- stuðnings við menningarhátíðir og viðburði í því skyni að auka menningarlega fjölbreytni
- eflingar atvinnustarfsemi á sviði lista
- stuðnings við menningarstarf barna, ungs fólks og aldraðra
- til verkefna á sviði menningartengdrar ferðaþjónustu
- til starfs menningarfulltrúa eða þjónustuaðila til að sinna verkefnum á vegum Menningarráðs Eyþings

Menningarráð Eyþings skal auglýsa opinberlega eftir umsóknum um styrki af því fjármagni sem það hefur til umráða samkvæmt samningi ríkisins og sveitarfélaga á svæði Eyþings um menningarmál. Sveitarfélög, stofnanir, fyrirtæki og einstaklingar á Norðurlandi eystra geta sótt um styrki til menningarráðsins. Við úthlutun styrkja skal hafa eftirfarandi til hliðsjónar; gæði verkefna, jafnræði innan svæðisins og fjölbreytni menningarstarfs. Skilyrði fyrir úthlutun úr sjóðnum er að viðkomandi umsækjandi sýni fram á jafnhátt mótframlag til verkefnisins.

5. grein

Framlög sveitarfélaga á svæði Eyþings til menningarmála, á samningstímanum, nemi í upphafi ekki lægri fjárhæð árlega en framlag sveitarfélaganna er nú. Sveitarfélögin stefna að því að verja auknu fjármagni til menningarmála á gildistíma samningsins.

Sveitarfélögin skulu vinna að því að auka ráðstöfunarfé Menningarráðs Eyþings hvort heldur er með framlögum frá einkaaðilum eða með eigin framlögum. Skal við það miðað að árið 2008 nemi framlag sveitarfélaganna a.m.k. 17,5 hundraðshlutum af þeirri heildarfjárhæð sem veitt er til verkefnastyrkja og 25 hundraðshlutum árið 2009. Framlög sveitarfélaga til reksturs Menningarráðs Eyþings, sbr. 2. gr. teljast hluti af ofangreindum skuldbindingum sveitarfélaganna.

6. grein

Telji samningsaðilar að samningsbundnum skyldum sé ekki fullnægt geta þeir gert skriflega kröfu um að úr því verði bætt innan hóflegs frests. Menningarráð Eyþings annast umsýslu slíkra mála. Sé ekki bætt úr annmörkum á framkvæmd samningsins getur samningsaðili sagt samningnum upp með 6 mánaða fyrirvara.

7. grein

Samningur þessi gildir til ársloka 2009. Eigi síðar en 6 mánuðum fyrir þann tíma munu aðilar kanna grundvöll fyrir áframhaldandi samningi.

8. grein

Leysi samningsaðilar ekki ágreiningsmál sem rísa kann vegna samnings þessa skal það rekið fyrir Héraðsdómi Norðurlands eystra.

9. grein

Samningur þessi er gerður í 16 samhljóða eintökum og heldur hver aðili sínu. Framangreindu til staðfestu eru undirskriftir aðila.

Bráðabirgðaákvæði

Stjórn Eyþings skipar Menningarráð Eyþings sem situr fram að aðalfundi Eyþings 2007.

Húsavík 27. apríl 2007

*Aðaldælahreppur
Akureyrarbær
Arnarneshreppur
Dalvíkurbyggð
Eyjafjarðarsveit
Fjallabyggð
Grimseyjarhreppur
Grýtubakkahreppur
Hörgárbyggð
Langaneshreppur
Norðurþing
Skútustaðahreppur
Svalbarðshreppur
Svalbarðsstrandarhreppur
Tjörneshreppur
Þingeyjarsveit*